

## Fyrirspurn

til samgönguráðherra um umferð á stofnbrautum.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hve mikil umferð er nú á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg í Kópavogi annars vegar og við Kaupþún í Garðabæ hins vegar (fjöldi bíla á sekúndu)?
2. Hve mikið mun umferð á Reykjanesbraut aukast:
  - a. við uppbyggingu atvinnusvæðis á landi Gusts í Kópavogi,
  - b. við uppbyggingu atvinnusvæðis í Kaupþúni í Garðabæ,
  - c. við væntanlega íbúðarbyggð í Urriðakotslandi,
  - d. við uppbyggingu íþrótta- og atvinnusvæðis við Vetrarmýri í Garðabæ,
  - e. við uppbyggingu íbúðar- og atvinnusvæðis á Völlum í Hafnarfirði á árunum 2005–2010?
3. Hvaða ár er áætlað að nauðsynlegt verði að þrefalda Reykjanesbraut vegna aukinnar umferðar?
4. Hvenær er áætlað að hefja framkvæmdir við svokallaðan Hlíðarfót í ljósi fyrirhugaðrar uppbyggingar í Vatnsmýri og hvar er áætluð tenging hans inn á stofnbrautakerfið í Kópavogi?

Skriflegt svar óskast.